Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Félag íslenzkra iðnrekenda, Verzlunarráð Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, Félag íslenzkra stórkaupmanna. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavíkurborg og Vinnuveitendasamband Íslands vegna sjálfs sín og aðildarfélaga sinna annars vegar og 16 manna nefnd aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands hinsvegar gera með sér svofelldan

S A M N I N G :

1. gr

Frá gildistöku þessa samnings og til nóvemberloka 1969 skal greiða 23.35% verðlagsuppbót á grunnlaun. með þeim undantekningum er um ræðir í 4. gr en að öðru leyti í samræmi við ákvæði 3. gr

Nú reynist verðlagsuppbót reiknuð 1. ágúst 1969 á sama grundvelli og við er miðað í áætlun Hagstofunnar 22. apríl 1969 hærri en þar er gert ráð fyrir, þ e 28,3o%, og skal þá umframhækkunin koma fram í verðlagsuppbót á næsta 3ja mánaða tímabili, 1. september til 3o. nóvember 1969 Nái þessi umframhækkun ekki einu prósentustigi, miðað við 1. ágúst 1969, skal hún þ ó fyrst koma fram í verðlagsuppbót frá 1. des. 1969.

2. gr.

Miðað við verðlag 1. ágúst og 1. nóvember 1969, 1. febrúar og 1 maí 197o, og framvegis á þessum tímum, reiknar Kauplagsnefnd verðlagsuppbót, er skal koma til framkvæmda 1. dag næsta mánaðar á eftir, í fyrsta sinn 1. desember 1969, sem hér segir: Við verðlagsuppbót 23,35% (sbr 1. málsgr 1. gr ) skal hverju sinni bæta þeirri hundraðshlutahækkun, sem orðið hefur á framfærslukostnaði síðan 1. maí 1969 miðað við grunntíma 1. nóvember 1967 Hér skal þó eigi bæta við -

a) þeirri hækkun framfærslukostnaðar, sem verður við útreikning hans 1. ágúst og 1. nóvember 1969, og 1. febrúar 197o, vegna þeirra verðhækkana, sem leiða af hækkun verðlagsuppbótar í 23,35% frá 1. júní 1969 samkvæmt þessum samningi.
b) þeirri hækkun framfærslukostnaðar, er verður á tímabilinu 1.maí til 1. ágúst 1969 og stafar af öðru en þeirri hækkun verðlagsuppbótar, er kemur til framkvæmda við gildistöku þessa samnings.
c) þeirri hækkun framfærslukostnaðar, sem stafar af verðhækkun á búvörum - þeirrar. er leiðir af hækkun á kaupi bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli, vegna ákvæða um greiðslu verð-

lagsuppbótar á laun.

Greiða skal 23,35% verðlagsuppbót eftir ágústlok 1969, þótt hún reiknist lægri en þetta.

Verðlagsuppbót skal reiknuð með 2 aukastöfum.

3. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt útreikningi Kauplagsnefndar greiðist á 10.000 kr. grunnlaun fyrir dagvinnu á mánuði, og á samsvarandi viku- og tímakaup.

Á grunnlaun 8.800-18.000 kr. á mánuði, og á samsvarandi viku- og tímakaup, greiðist verðlagsuppbót að somu krónutölu og greidd er á 10.000 kr. mánaðarlaun. Á grunnlaun lægri en 8.800 kr. á mánuði, og á samsvarandi viku- og tímakaup, greiðist verðlagsuppbót að sama hundraðshluta og er á 8.800 kr. mánaðarlaunum.

Ekki er samið um verðlagsuppbót á grunnlaun yfir 18.000 kr.

Laun nema og unglinga haldist í sama hlutfalli við laun viðkomandi starfsstétta og verið hefur.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal greidd með sömu krónutölu og er á dagvinnutímakaupi. Þó skal álag á eftirvinnu aldrei vera minna en 40%, og álag á nætur- og helgidagavinnu aldrei minna en 80%, miðað við dagvinnukaup.

4. gr.

Verðlagsuppbót á ákvæðisvinnukaup skal vera sem hér segir:

Frá gildistöku þessa samnings og til ágústloka 1969 skal verðlagsuppbót á uppbót vegna tímamældrar ákvæðisvinnu, sem byggð er á vinnurannsóknum, vera 11,35%. Frá 1. september 1969 og framvegis skal verðlagsuppbót á þessa uppbót vera 23,35%.

Verðlagsuppbót á kaup fyrir ákvæðisvinnu, sem ekki er tímamæld, skal frá gildistöku þessa samnings og framvegis vera 11.35%.

Að því er varðar framkvæmd á greiðslu verðlagsuppbótar á ákvæðisvinnukaup, skal að öðru leyti fylgja þeim reglum, sem gilt hafa samkvæmt marz-samkomulagi 1968.

5. gr.

Um vaktavinnu gilda eftirfarandi reglur.

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót, og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Þegar unnið er í vaktavinnu, skal verðlagsuppbótin vera sama krónutala og greidd er á samsvarandi kaup, í samræmi við það, sem fyrir er

mælt í 3. gr. Sé vaktaálag innifalið í fastakaupinu, greiðist verðlagsuppbót á hliðstæðan hátt.

Hlutfall vaktaálags, miðað við það, sem í gildi var fyrir 18. marz 1968, má eigi skerðast um meira en 12% samkvæmt ákvæðum þessarar gr. Gildir þetta hvort sem vaktaálag er aðgreint eða innifalið í fastakaupi.

6. gr.

Grunnupphæðir mánaðar- og vikulauna samkvæmt 1. og 2. málsgr. 3. gr. eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt umsömdum vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækka hlutfallslega mánaðar- og vikulaun þau, er hér um ræðir.

7. gr.

Ákvæði þessa samnings taka ekki til launa, sem greidd eru á öðru en peningum, og eigi heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákvæðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

II. KAFLI.

Um lífeyrissjóði.

8. gr.

Lífeyrissjóðir með skylduaðild verði stofnaðir og starfræktir á félagsgrundvelli. Skylduaðild nær einnig til þeirra lífeyrissjóða stéttarfélaga innan A.S.Í sem nú starfa. Heimilt skal landssamböndum og samtökum félaga t.d. í sama landsfjórðungi að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð, ef samkomulag verður um slíkt milli stéttarfélaga.

Heimilt skal vinnuveitendum að vera sjóðsfélagar í lífeyrissjóði sinnar starfsgreinar á sama hátt og tíðkast hefur.

Lífeyrissjóðir, sem nú starfa á vegum einstakra fyrirtækja starfa áfram með meðlimum stéttarfélaga í þeim starfsgreinum, sem lífeyrissjóðir þessir nú taka til með sama hætti og verið hefur.

Meðlimir stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum slíkra fyrirtækja koma hinsvegar í lífeyrissjóði á félagsgrundvelli.

Þar sem fyrirtækjasjóðir taka til allra starfsmanna fyrirtækis skulu nýir starfsmenn þess gerast aðilar að lífeyrissjóði fyrirtækisins.

9. gr.

Stjórnir lífeyrissjóða samkvæmt 1. mgr. 8. greinar skulu skipaðar

fjórum fulltrúum, tveim tilnefndum af stéttarfélögum, þeim, sem í hlut eiga og tveim tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands.

10. gr.

Iðgjöld til lífeyrissjóða greiðist af öllu verkafólki 16 ára og eldri og verði 10% og skiptist þannig, að vinnuveitendur greiða 6% og verkafólk 4%.

Greiðslur hefjist frá og með 1. janúar 1970 og greiði vinnuveitendur þá 1½%, en verkafólk 1%. Greiðslan aukist síðan árlega um sömu prósentu þar til fullu iðgjaldi er náð.

Iðgjald greiðist af dagvinnutekjum eða því, sem svarar til dagkaups, án álags vegna ákvæðis, bónuskerfis eða þess háttar, nema um annað semjist eftir nánari reglum sem sjóðsstjórnir setja.

11. gr.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. rýra í engu rétt meðlima þeirra stéttarfélaga, sem nú hafa lífeyrissjóði með frjálsri aðild, til þess að ákveða aðild sína einhliða eftir sömu reglum og nú gilda.

12. gr.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna 3 fulltrúa hvort í sameiginlega nefnd, er hafi það hlutverk að hafa forgöngu um undirbúning að stofnun lífeyrissjóða skv. framanrituðu.

## 13. gr.

### GILDISTÍMI.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 15. maí 1970, og er uppsegjanlegur með 1 mánaðar fyrirvara. Verði samningnum þá eigi sagt upp framlengist hann um 6 mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Verði breyting á gengi íslenzku krónunnar eru samningar uppsegjanlegir með sama fyrirvara.

Reykjavík, 19. maí 1969.

Samninganefnd:
~~F.h.~~ Alþýðusambands Íslands með fyrirvara um samþykki félaga

F.h. Vinnuveitendasambands Íslands og sambandsdeilda þess með fyrirvara

F.h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna með fyrirvara

F.h. Félags íslenzkra iðnrekenda með fyrirvara